

Nr. 21-015 S 008 Sólberg ÓF 1***Skipverji slasast við fall.***

Skipaskr.nr.: 2917
IMO: 9774642
Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.
Útgerð: Rammi hf.
Stærð: 3719,5 bt.
Mesta lengd: 79,85 m Skráð lengd: 70,92 m
Breidd: 15,41 m Dýpt: 9,10 m
Vél: Wartsila, 4640 kW 2016
Fjöldi skipverja: 34



Sólberg © Brimbarinn

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. desember 2020 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á siglingu út af Skjálfanda. Veður: NA 15 m/s.

Skipverji var við þrif á vinnsluþilfari þegar hann féll aftur fyrir sig og lenti með hægri síðuna á karabrun (*flakapyttur*) með þeim afleiðingum að hann brákaðist á rifbeini.

Við rannsókn kom fram:

- að á göngupalli sem skipverjinn var að vinna á höfðu reimar af færiböndum verið rúllað upp og lagðar á hliðina á pallinum sem minnkaði athafnasvæði hans;
- að skipverjinn var með háþrýstibyssu í hendinni og þegar hann tók skref afturábak rakst hann á eina reimina og féll þá aftur fyrir sig;
- að reimarnar voru teknar af böndunum í þessum þrifum og þær þrifnar sérstaklega á sér svæði á vinnsluþilfarinu en það var ekki búið að koma þeim þangað;
- að fram kom að ekki væri öryggisnefnd um borð en að gert hafði verið áhættumat.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en leggur til að settar verði verklagsreglur um hvernig eigi að standa að þrifum.